




ÞJÓÐVEGUR Í ÞÉTTBÝLI DALVÍKUR

Skipulags- og matslýsing fyrir deiliskipulag

22.10.2020



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Skipulagslýsing	3
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Tilgangur og markmið	4
2.2	Skipulagssvæðið	4
3	FYRIRLIGGJANDI STEFNA	6
3.1	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar	6
3.2	Deiliskipulag	7
4	MATSLÝSING	8
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	9
5.1	Umsagnaraðilar	9
5.2	Samráð	9
6	SKIPULAGSFERLI	10

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	4160-013-LYS-001-V01

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir nýtt deiliskipulag fyrir þjóðveg gegnum þéttbýli Dalvíkur, ásamt matslýsingu til samráðs um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Í fyrirhuguðu deiliskipulagi verður skipulagt vegstæði þjóðvegur nr. 82, stofnvegur, þar sem hann liggur gegnum þéttbýlið Dalvík frá gatnamótum Svarfaðardalsvegur í suðri og að bænum Mó í norðri. Vegalengdin er um 2,3 km og eru á vegkaflanum fjöldi gatnamóta og einnig nokkrar innkeyrslur inná lóðir.

Í skipulaginu verður áhersla á umferðaröryggisaðgerðir sem mótaðar verða í heild bæði fyrir akandi og óvarða vegfarendur. Skoðaðir verða möguleikar á hjólastíg meðfram götunni öðru megin og gert verður ráð fyrir gangstétt beggja vegna, a.m.k. á hluta vegarins. Fyrirhugað er að nýta þann götukassa sem vegurinn liggur um í dag og ætti því hvergi að koma til skerðingar á aðliggjandi lóðum en bílastæði og aðkoma að lóðum tekur mögulega breytingum.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Í 10.10 t.l. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, segir: „Nýjir vegir og enduruppbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.07, 10.08 eða 10.0.“ Framkvæmdin fellur þar með í flokk C þar sem tilgreindar eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal sveitarfélagið meta með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum.

Þar sem þessi skipulagsáætlun fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana er hér einnig sett fram matslýsing og er hún unnin skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fjallar um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar þegar það á við.

Með lýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Tilgangur og markmið

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal gera deiliskipulag fyrir einstök svæði eða reit innan sveitarfélags þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvegarins og Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð fer með skipulagsmál. Í samstarfi og með ráðgjöf EFLU verkfræðistofu leggja hér fram skipulagslýsingu vegna deiliskipulags þjóðvegarins með það að markmiði að tryggja sem best umferðaröryggi allra vegfarenda og bæta skilvirkt umferðarflæði með því að endurskoða gatnamót og innkeyrslur og ná þannig fram heildstæðum umferðaröryggisaðgerðum. Í deiliskipulaginu verður m.a. skoðaður umferðarhraði og kannað hvort ástæða sé til að breyta núverandi hámarkshraða götunnar. Með gerð umferðarspár verður skoðað hvort ástæða sé til að taka frá meira rými til framtíðarnotkunnar. Í umferðarspánni verður miðað við 2% aukningu á umferð á næstu 20 árum.

2.2 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið nær yfir vegstæði þjóðvegur nr. 82, þar sem hann liggur gegnum þéttbýlið Dalvík frá þéttbýlismörkum á Skíðabraut í suðri, um Hafnarbraut og Gunnarsbraut og að bænum Mó í norðri. Vegalengdin er um 2,3 km og eru á vegkaflanum fjöldi gatnamóta auk aðkomum að lóðum sem að götunni liggja. Eignarhald landsins innan þéttbýlismarka er Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð en norðan Brimnesár er farið um land Lækjarbakka 1 (L175473), Árhóls (L151788), Svalbarðs (L151824) og Miðkots (L151370).



MYND 1. Yfirlitsmynd yfir Dalvík. Skipulagssvæðið er merkt með rauðu en svört brotin lína sýna skilgreind þéttbýlismörk (©Loftmyndir ehf).

Skipulagssvæðið er allt raskað land og eru því ekki náttúruuminjar, dýralíf, vistgerðir með hátt verndargildi eða annað sem ekki er þegar búið að raska með lagningu vegar, gangstétta og annarra mannvirkja eða umróts í kringum þau. Fornleifar eru skráðar á þremur svæðum meðfram veginum og verður fjallað um þær í deiliskipulagi.

3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA

3.1 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar

Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar 2008-2020 en verið er að vinna að endurskoðun. Ekki er þó enn komið að kynningu á skipulagsdrögum.



MYND 2. Gildandi aðalskipulag Dalvíkurbyggðar. Skipulagssvæðið er innan rauða rammans.

Svæðið er stofnbraut sem liggur að mjög fjölbreyttri landnotkun. Syðst eru óbyggð svæði þar sem megin útivistarstígur liggur samsíða veginum vestanverðum og lagnir, m.a. ljósleiðari austan megin. Verslunar- og þjónustusvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og íbúðarsvæði liggja að veginum þegar komið er inn í kjarna byggaðarinnar. Um miðbik svæðisins er hafnarsvæði að austanverðu en miðsvæði að vestanverðu. Ópið svæði til sérstakra nota er á stuttum hluta að vestanverðu þegar norðar dregur í bæinn en nyrst er athafnasvæði og iðnaðarsvæði að austan verðu en íbúðarsvæði að vestan verðu. Samkvæmt fornleifaskráningu eru þrír minjastaðir þekktir innan eða við svæðið.

Deiliskipulagið verður í samræmi við gildandi aðalskipulag.

3.2 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag Dalvíkurhafnar sem tók gildi 11. ágúst 2018. Skipulagsmörk þess liggja í miðlínu Hafnarbrautar og Gunnarsbrautar á um 900 m kafla. Gera þarf minniháttar breytingu á afmörkun skipulagsins þannig að göturnar verði alfarið utan skipulags hafnarsvæðisins. Skipulagsmörk verða samræmd við nýtt deiliskipulag.



MYND 3. Gildandi deiliskipulag hafnarsvæðisins.

4 MATSLÝSING

Framkvæmdin sem fyrirhuguð er á svæðinu fellur undir C flokk í 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 n.t.t. tölulið 3.07; „Nýjir vegir og enduruppbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.07, 10.08 eða 10.0.“ Framkvæmdin fellur þar með í flokk C þar sem tilgreindar eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal sveitarfélagið meta með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort framkvæmdin skuli háð skuli mati á umhverfisáhrifum. Í þessum kafla er sett fram matslýsing fyrir skipulagsáætlanirnar.

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnu- miða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Umhverfismatið verður sett fram í umhverfisskýrslu sem fylgir skipulagsgögnunum.

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningar- minjar. 1. gr. 16. og 23. gr. Náttúruminjasrá
Samfélag	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf? Stuðlar stefnan að styrkingu byggðar?	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015-2026
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi? Hefur stefnan áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði? Er hætta á mengun af völdum stefnunnar?	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015-2026

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Dalvíkurbyggðar <http://www.dalvikurbyggd.is>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg í Ráðhúsi Dalvíkur. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulags- og byggingarfulltrúa, fyrir auglýstan tímafrest.

5.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Veitustofnanir

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

5.2 Samráð

Á vinnslutíma mun deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu verða kynnt bæði íbúum/almenningi og öðrum hagsmunaaðilum, m.a. landeigendum.

6 SKIPULAGSFERLI

Meðferð skipulags- og matslýsingar verður skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

TAFLA 2 Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
nóvember 2020	Skipulagslýsing tekin fyrir í umhverfisráði og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður jafnframt kynnt almenningi. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
desember 2020	Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu tekin til umfjöllunar í umhverfisráði, kynnt almenningi og lagðar fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
janúar 2021	Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn. Tillaga auglýst og send til umsagnaraðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
mars 2021	Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu afgreiddar í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu umhverfisnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun.
apríl 2021	Gildistaka deiliskipulags auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.